

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 27. júlí 2023
UST202306-309/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 - Efra-Sel 3C

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 22. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Efra-Sel 3C.

Í greinargerð kemur fram að frístundasvæði fyrir Efra-Sel (F29) minnkar úr 46 ha í 42,1 ha. og stækkar landbúnaðarsvæði sem því nemur.

Fuglasvæði

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið sé skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Því þarf að mati Umhverfisstofnunar að koma fram undir umhverfisviðmið í umhverfismatsskýrslu, hver sé stefna sveitarfélagsins í aðalskipulagi um vernd fugla og búsvæði þeirra á mikilvægum fuglasvæðum og undir matsspurningum komi fram hver áhrif breytinganna sé á fugla og bússvæði þeirra.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir

sérfræðingur